

Nd.

264. Frumvarp til laga

[73. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum oddamann. Þó skal Vestmannaeyjakaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Vestmannaeyjakaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við því sama verði hlutfallslega og Vestmannaeyjakaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Þeir, sem öðlazzt hafa réttindi eða ítök í landi því, sem um getur í 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, skulu halda óskertum rétti sínum, þar til samningurinn er útrunninn eða rétturinn með öðru móti niður fallinn. Þó skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar heimilt að taka eignarnámi lóðar- eða erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.